

Fundargerð

aðalfundar Félags íslenskra félagsvísindamanna

sem haldinn var í Borgartúni 6. mánudaginn 22. febrúar 2016 kl. 12:00.

Mættir: 16 fundargestir.

Halldór Valur Pálsson, formaður FÍF, setur fund. Halldór K. Valdimarsson, framkvæmdastjóri Þjónustuskrifstofu FFSS, skipaður fundarstjóri. Sigrún Ösp Sigurjónsdóttir, starfsmaður Þjónustuskrifstofu FFSS, ritar fundargerð.

Formaður byrjar á að fara yfir skýrslu stjórnar.

Skýrsla stjórnar:

Félagsmönnum heldur áfram að fjölga. Nýjustu tölur sýna að félagsmenn nálgast nú 250. Tæplega helmingur félagsmanna eru starfsmenn ríkisins eða 43%. Hlutfall ríkisstarfsmanna fer lækkandi. Almenni vinnumarkaðurinn sækir á. Það er í takt við þróun hjá sambærilegum félögum innan BHM.

Formaður fer yfir samningamálin árið 2015. Stórt ár, óvenjulegt og sögulegt. Mikil átök, 10 vikur í verkfalli., lagasetning og á endanum gerðardómur. Lagasetning gegn þeim 18 aðildarfélögum BHM sem áttu í hlut hafur verið kærð til Mannréttindadómstólsins. Farið yfir aðgerðaráætlun verkfalla og lauslega yfir niðurstöðu gerðardóms.

Einnig farið yfir stöðu samningamála hjá sveitarfélögum. Þar standa yfir viðræður og er stefnt að undirskrift í brád.

Farið yfir önnur verkefni á árinu:

Kannanir – Kjarakönnun BHM og ýmsar smærri kannanir hafa verið senda félagsmönnum á árinu m.a. vegna kjarasamninga. Virkar vel að ná til félagsmanna með þessum hætti. Góð aðferð fyrir stjórnina til að heyra frá félagsmönnum.

Erlent samstarf - Ekki fór mikið fyrir erlendu samstarfi í ár m.a. vegna aðstæðna í kjaramálum. Það er eitthvað sem þarf að bæta. Efla erlent samstarf og þá sérstaklega norrænt. Við þurfum að vita hvernig kjaramálum er háttað þar.

Húsnæðismál – Gagngerar breytingar hafa verið gerðar á húsnæðinu BHM, bæði að utan og inna. Miklar breytingar hafa einnig verið gerðar á innanhúss á skrifstofum starfsmanna þjónustuskrifstofu.

Stefnumótunarþing BHM – Þingið tókst vel. Sjónarmið háskólamanna fengu að njóta sín. Verður áfram unnið með niðurstöður þessa þings þar til á aðalfundi BHM í maí.

Reikningar félagsins:

Gjaldkeri FÍF, Kristinn Karlsson, fer yfir ársreikning.

Árið og reikningarnir litast af kjaradeilum. Annar rekstrarkostnaður kemur til vegna verkfallssjóðs, tæpar 10 milljónir. Framlag FÍF í verkfallssjóð. Skuldir og eigið fé lækka. FÍF fátækari en stendur alveg í lappirnar.

Gjafir og styrkir koma til vegna vegna styrks til Félagsfræðinga félagsins vegna 20 ára afmælis þeirra. Það var mikill viðburður.

Spurning vegna ársreiknings: Hvað nákvæmlega fellur undir kostnað vegna verkfallsaðgerða? Svar: Það er kostnaður vegna launa þeirra sem tóku á sig að fara í verkfall. 18 félög stóðu saman að þessum verkfallsaðgerðum. Nokkrir félagsmenn fóru í verkfall fyrir alla hina. Félögin sameinuðust um að greiða laun þeirra sem tóku á sig að fara í verkfall.

Gjaldkeri fer yfir rekstraráætlun.

Þar er gert ráð fyrir smávægilegri fjölgun félagsmanna og launahækkun um mitt ár 2016.

Ferðakostnaður – Tvær ferðir fyrirhugaðar á árinu. Halldór K. Valdimarsson gerir grein fyrir þeim. Ferð í maí til Kaupmannahafnar og Brussel til að kynna nokkrum stjórnarmönnum og starfsmönnum aðildarfélagi Þjónustuskrifstofu FFSS vinnumarkaðsmál á Norðurlöndum og í Evrópu. Ferð til Svíþjóðar í haust, Nordisk forum, sem norrænu heildarsamtökin halda sameiginlega þriðja hvert ár. Gert ráð fyrir að styrkir komi frá Starfsþróunarsetri háskólamanna vegna ferðanna.

Engar spurningar um rekstraráætlun.

Reikningar félagsins bornir upp – Samþykktir án athugasemda.

Rekstraráætlun borin upp – Samþykktir án athugasemda.

Ákvörðun um árgjald:

Á síðasta aðalfundi var samþykkt tillaga um breytingu á félagsgjaldi (að félagsgjaldið hækki úr 0,8% af dagvinnulaunum í 1% af dagvinnulaunum). Breyting tók gildi 1. maí 2015. Einnig var lagt til að stjórn fengi heimild til að láta gjöldin taka til allra launa (heildarlauna) árið 2016 sbr. samþykkt BHM.

Engin tillaga um breytt árgjöld í ár.

Stjórnarkjör:

Formaður, Halldór Valur Pálsson, gefur ekki kost á sér aftur. Halldór leggur til að Hugrún R. Hjaltadóttir taki við sem formaður. Engin mótframboð. Hugrún er því sjálfkjörin formaður. Samþykkt með lófaklappi.

Framboð til stjórnar eru núverandi stjórnarmenn Kristinn Karlsson og Friðrik Hjörleifsson. Aðrir í framboði eru Karls Sigurðsson, Kristmundur Þór Ólafsson og Ása Sigríður Þórisdóttir.

Þar sem 5 hafa boðið sig fram en eingöngu 4 sæti eru í stjórn dregur Karl Sigurðsson framboð sitt til baka. Frambjóðendur eru því sjálfkjörnir aðalmenn í stjórn. Samþykkt með lófaklappi.

Óskað eftir framboði til varastjórnar.

Ólafur Már Sigurðsson og Halldór Valur Pálsson bjóða sig fram til varastjórnar. Framboð samþykkt með lófaklappi.

Óskað eftir framboði til skoðunarmanns reikninga.

Benóný Harðarson og Karl Sigurðsson samþykkja að bjóða sig fram til skoðunarmanns. Framboð samþykkt með lófaklappi.

Önnur mál:

Rætt um hvað margir félagsmenn sem réttilega eiga heima í FÍF eru í Fræðagarði. Kristinn Karlsson spyr hvernig rétt sé að taka á þessu máli. Spurning um kynningu á félaginu. Kristinn vill halda þessu vakandi í stjórninni.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið 12:45.